

Norðurlandi vestra, 27. febrúar 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hefur yfirfarið drögin og gerir eftirfarandi athugasemdir við þann hluta er varðar tekjustofna sveitarfélaga. Ekki er tekin afstaða til lámarksíbúafjölda né annarra þátta frumvarpsins sem lúta að framkvæmd hugsanlegra sameininga.

Stjórn SSNV vill byrja á að fagna því að settur hefur verið skýr rammi um fjárhagslegan stuðning þann sem sveitarfélögum sem hyggja á sameiningar býðst úr Jöfnunarsjóði. Fram til þessa hefur verið óljóst hvaða stuðnings sveitarfélögin geta vænst en skýrar línur í þeim efnum gera forsvarsmönnum sveitarfélaga auðveldara um vik að meta fýsileika sameininga.

Í 12 gr. frumvarpsins kemur fram að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði heimilt að halda eftir allt að 1.000 milljónum af tekjum sínum á 15 ára tímabili (að undanskilinni þeirri fjárhæð sem renna á til málefna fatlaðs fólks) til að mæta greiðslu á sérstökum framlögum úr sjóðnum sem koma til vegna sameininga sveitarfélaga. Vert er að taka fram að í áætlunum sjóðsins hefur um langt árabíl verið gert ráð fyrir fjármunum til sameininga sveitarfélaga sem ekki hafa verið nýttir að fullu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpsdrögunum hafa að jafnaði verið greiddar um 300 milljónir á ári sl. 10 ár til slíkra verkefna. Ljóst er að ef áætlanir um sameiningar ganga eftir munu þau útgjöld aukast til muna sem miðað við þær forsendur sem fram koma í frumvarpsdrögunum leiðir til lækkunar annarra framlaga úr sjóðnum til sveitarfélaga.

Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpsdrögunum kemur fram að viðræður fari fram um möguleikann á því að sjóðnum verði tryggðar auknar tekjur úr ríkissjóði til að lágmarka þau áhrif sem kunna að verða á framlögum sjóðsins vegna fjölgunar á sameiningum sveitarfélaga sem vænta má á komandi árum. **Stjórn SSNV leggur ríka áherslu á að það viðbótarfjármagn fái til að ekki komi til skerðinga á heildarframlögum til sveitarfélaga á meðan á þeim sameiningum sem hugsanlega koma til framkvæmda á komandi misserum stendur.** Vera má að þegar frá líður og sveitarfélögum hefur fækkað, nái þau áform fram að ganga, muni stærri og öflugri sveitarfélög þurfa á minni stuðningi Jöfnunarsjóðs að halda á einhverjum sviðum. Útilokað er að segja fyrir um með fullri vissu hver sú breyting kann að verða og því ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að slíkar breytingar vegi upp á móti þeirri ráðstöfun að halda eftir allt að 1.000 milljónum á ári hverju næstu 15 ár.

Vert er að benda á að sveitarfélögum er gert að gera fjárhagsáætlanir til 3ja ára í senn og

skerðingar á framlögum sjóðsins munu setja þær áætlanir í uppnám og hugsanlega koma niður á möguleikum sveitarfélaga til að halda úti nauðsynlegri þjónustu og getu þeirra til framkvæmda.

Einnig er vert að vekja athygli á samþykkt aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í september 2019:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 6. september 2019 samþykkir að mæla með því að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023. Í tillögunni er gert ráð fyrir veglegum fjárhagslegum stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar sveitarfélaga og því er mikilvægt að ríkissjóður veiti sérstök fjárframlög til sjóðsins til að fjármagna þann stuðning.

Í samþykktinni er gerður skýr fyrirvari um að sérstök fjárframlög verði veitt til Jöfnunarsjóðs til að fjármagna aukinn stuðning vegna sameininga. Í framlögðum frumvarpsdrögum eru þau fjárframlög ekki tryggð og við það geta sveitarfélögin ekki unað.

Stjórn SSNV leggur því ríka áherslu á að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði veitt viðbótarfjármagn vegna sameiningarframlaga til að ekki komi til skerðinga á heildarframlögum til sveitarfélaga.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að setja fram umsagnir um málið á seinni stigum og er jafnframt tilbúin til samtals um innihald umsagnarinnar sé þess óskað.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.